

Sent f.h. Fjórðungssambands Vestfirðinga sbr. bréf til sambandsins 1.9. 2011 þar sem óskað er eftir umsögn sambandsins og upplýsingum um nýtingu í firðinum.

Vinna við nýtingaráætlun strandsvæðis Arnarfjarðar er í gangi og til umræðu hjá skipulagshópi sem er samsettur af fulltrúum íbúa, sveitarstjórna og annarra hagsmunaaðila. Neðst í þessu bréfi er stutt samantekt á fyrstu niðurstöðum hópsins frá því í mars 2011 (ágrip og stefna). Áfram er unnið að frekari útfærslu á þessum niðurstöðum. Áætlað er að vinnunni ljúki snemma árs 2012.

Í viðhengi er uppdráttur sem sýnir núverandi nýtingu (þ.m.t. starfsleyfi) í Arnarfirði ásamt umsóknum Arnarlax og Fjarðarlax. Fyrir liggur að uppfæra lítillaga uppdráttinn í ljósi nýrra upplýsinga sem fram komu á síðasta fundi skipulagshóps sem haldinn var 7.10. 2011. Þar kom m.a. fram að starfsleyfi fyrir beltispararæktun vantar á uppdráttinn. Einnig verða siglingaleiðir settar inn skv. upplýsingum frá Landhelgisgæslunni og svæði sem sýna æðarvarp og kajaksvæði verða færð lítillaga.

Í viðhengi eru líka tvær fundargerðir fyrirnefnds skipulagshóps og lýsa þær ágætlega þeirri vinnu sem unnin er og þeim sjónarmiðum sem hafa verið sett fram í vinnunni.

Nánari upplýsingar um verkefnið er að finna á heimasíðu þess:

<http://www.fjordungssamband.is/nytingaraaetlun/>

Niðurstöður skipulagshóps (mars 2011).

Ágrip

Núverandi nýting Arnarfjarðar er fjölbreytt og útlit er fyrir að fjölbreytnin muni aukast enn frekar í framtíðinni. Ýmis tækifæri eru til staðar og áhugi er á að efla þá starfsemi sem fyrir er sem og að bæta við nýjum geirum, svo sem fiskeldi og bláskeljarækt. Svæðið ætti að hafa fulla burði til að skapa svæðinu góð búsetuskilyrði með allar þær auðlindir sem er að finna í firðinum og nágrenni hans.

Ákveðnir veikleikar eru til staðar og hafa þeir hindrað framþróun á svæðinu. Margir aðilar koma að ákvarðanatökufæri við nýtingu fjarðarins, m.a. leyfisveitingar og eftirlit. Kerfið er flókið og eftirliti er auk þess ábótavant. Óvissan og veikleikarnir gera fyrirtækjum og íbúum erfitt um vik að taka langtímaákvæðanir. Jafnframt telur skipulagshópurinn að verulegra úrbóta sé þörf á innviðum samfélagsins. Öflugir og traustir innviðir eru grundvöllur fyrir eflingu atvinnulífs og forsendur byggðar á svæðinu. Til viðbótar má segja að veikleikar felist m.a. í óþekktum áhrifum nýrra atvinnugreina, einangrun, skorti á þekkingu og fjármögnun, viðkvæmu lífríki, lágu þjónustustigi og fjarlægðum við markaði.

Þátttakendur telja nýtinguna í Arnarfirði vera mjög mikilvæga efnahagslega fyrir svæðið og að sama skapi telja þeir svæðið vera mjög mikilvægt efnahagslega fyrir afkomu tengda nýtingu í firðinum. Nýtingunni fylgja þó vandmál, bæði umhverfisáhrif og hagsmunaaðrestrar. Skipulagshópurinn er meðvitaður um þetta og telur mjög mikilvægt að svæðið sé nýtt á sjálfbæran hátt, þ.e. að hægt verði að nýta auðlindir fjarðarins til langs tíma og með sem minnstum neikvæðum umhverfisáhrifum og með sem mestum jákvæðum áhrifum fyrir samfélagið. Að lágmarki ætti að fara að ýrtruðu lögum og reglum en jafnvel ganga lengra og horfa til framtíðar. Skipulag, stjórnun og rannsóknir gegna hér mikilvægu

hlutverki en auk þess þarf að vera til staðar skýrari lagarammi um starfsemi svæðisins utan 115 frá stórstraumsfjöru.

Eldi, ræktun, veiðar, ferðapjónusta, hlunnindanýting, iðnaður, útivist, kalkþörungavinnsla í landi og mengandi iðnaður eru nýtingarflokkar þar sem hagsmunaárekstrar koma við sögu. Staðsetja þarf nýtingu þannig að sem minnstir hagsmunaárekstrar verði. Aukin vitneskja, bætt stjórnsýsla, gott skipulag og aukin samvinna á milli hagsmunaaðila munu einnig draga úr slíkum árekstrum. Aðrar greinar styrkja hvor aðra eða geta gert það ef rétt er að málum staðið. Dæmi um þetta eru eldi og bláskeljaræktun, eldi og veiðar, útivist og ferðapjónusta, smábátaveiðar og aðrar veiðar.

Arnarfjörður hefur ákveðna sérstöðu sem m.a. felst í góðu aðgengi að fjölbreyttum auðlindum. Auðlindirnar eru m.a. mikil fiskigengd, ósnortin svæði, hreinleiki og saga. Sjá aðilar ýmis framtíðartækifæri við auðlindanýtingu í firðinum. Má m.a. nefna aukna starfsemi (ný svæði), nýjungar og tækniþróun, betri nýtingu og meiri fullvinnslu, bættu aðstöðu, meiri fagmennsku, aukin gæði og aukna arðsemi.

Framtíðarsýn hópsins er því að Arnarfjörður og auðlindir hans verði nýttur á fjölbreyttan og sjálfbæran hátt. Í því felst vel skipulögð nýting þar sem áhersla er lögð á langtímahagsmuni við verðmætasköpun, verndun lífríkis og umhverfis. Íbúar skulu njóti afraksturs þeirrar verðmætasköpunar sem fram fer í tengslum við nýtingu fjarðarins en jafnframt að eiga kost á að njóta annarra gæða svæðisins, svo sem útivistar og annarrar afþreyingar sem erfiðara er að verðleggja.

Stefna

Þátttakendur leggja áherslu á að hægt verði að nýta svæðið í sátt og samlyndi við umhverfi, samfélag og aðrar greinar – þ.e. á sjálfbæran hátt. Áhersla er á uppbyggingu og þróun sem mun skapa störf og nýfast til eflingar samfélagsins. Jafnframt er horft til annarra gæða svæðisins, einkum útivistar og afþreyingar.

Framtíðarsýn

Fjölbreytt og vel skipulögð nýting auðlinda.

Sjálfbær nýting þar sem áhersla verður lögð á langtímahagsmuni við verðmætasköpun, verndun lífríkis og umhverfis.

Íbúar skulu njóti afraksturs þeirrar verðmætasköpunar sem fram fer í tengslum við nýtingu fjarðarins.